

Námskrá fyrir meistaranám í alþjóðaviðskiptum, forystu og stjórnun og markaðsfræði

Gildir skólaárið 2019 – 2020



MS/MIB alþjóðaviðskipti

MS/MLM forysta og stjórnun

MS/MLM forysta og stjórnun – mannauðsstjórnun

MS/MLM forysta og stjórnun – verkefnastjórnun

MS/MLM forysta og stjórnun – þjónandi forysta

MS/MMM markaðsfræði



HÁSKÓLINN Á BIFRÖST

BIFRÖST UNIVERSITY

Nafn námskrár: Meistaránám í viðskiptafræði

Tengiliður: Forseti viðskiptadeildar

Lengd náms: 3 annir

Fjöldi eininga: 90 ECTS, stig 2.2 og 2.1 samkvæmt viðmiðum um æðri menntun og prófgráður 2011

1. útgáfa mars 2014

2. útgáfa apríl 2017

3. útgáfa júlí 2017
4. útgáfa mars 2018
5. útgáfa mars 2019

Efnisyfirlit

Almennt um námið.....	4
Skiptinám.....	5
Starfsnám.....	5
Rannsóknatenging.....	5
Lærdómsviðmið	5
Skipulag náms.....	9
Skipulag náms: MS/MIB alþjóðaviðskipti	11
Skipulag náms: MS/MLM forysta og stjórnun	11
Skipulag náms: MS/MLM forysta og stjórnun	12
- mannauðsstjórnun.....	12
Skipulag náms: MS/MLM forysta og stjórnun	12
- verkefnastjórnun.....	12
Skipulag náms: MS/MMM markaðsfræði	13
Lýsingar námskeiða.....	15
120.6.0.HAFS, Hagnýt fjármál fyrir stjórnendur.....	15
120.6.0.SHFS, Stjórnunarhættir fyrirtækja og skipulag.....	16
122.6.0.ALVN, Alþjóðaviðskipti.....	17
122.6.0.STFR Stefnumótun og framtíðarsýn.....	18
122.6.0.SALA Sala og markaðir	19
122.6.0.FMNT Fjármögnun nýrra tækifæra	20
122.6.0.BROK, Breytinga- og krísustjórnun	21
122.6.0.VENS, Viðskiptaenska	22
134.6.0.ÞJÓN, Þjónustustjórnun	23
122.6.0.ALFI, Alþjóðafjármál.....	24
120.6.0.SAMT, Samningar og samningatækni	25
122.6.0.SBST, Sjálfbær stjórnun.....	26
122.6.0.ALSA, Alþjóðasamskipti	27
122.6.0.ALMA, Alþjóðleg markaðsfræði	28
129.6.0.ÁLÍK, Ákvörðunartaka og líkanagerð.....	29
129.6.0.ÞJFO, Þjónandi forysta	30
129.6.0.KLTF, Kenningar í leiðtogafræðum	35
129.6.0.STÓR, Verkefnastjórnun	36

129.6.0.STOS, Straumlínustjórnun og skipulag.....	37
129.6.0.VRET, Vinnuréttur.....	38
129.6.0.SOML, Samskipti og miðlun leiðtoga.....	39
129.6.0.MANN, Mannauðsstjórnun.....	40
134.6.0. MART, Markaðsstjórnun.....	41
134.6.0. VÖRN, Vörumerkjastjórnun	42
134.6.0. STAF, Stafrænir markaðir	43
134.6.0. MCCL, Stjórnun samskipta við viðskiptavini (e. CRM).....	44
134.6.0. SAMA, Samþætt markaðssamskipti.....	45
134.6.0. MARA, Markaðsrannsóknir	46
134.6.0. MAKÁ, Markaðsstefna og áætlanagerð	47
135.6.0. VSÁL, Vinnusálfræði.....	48
135.6.0. ÞJÁL, Þjálfun og þróun	49
321.6.0.ADFE, Aðferðarfræði	50

Almennt um námið

Meistaránámi í viðskiptafræðum er ætlað að veita þekkingu og þjálfun til sérhæfðra starfa hjá fyrirtækjum sem starfa hér á landi og erlendis.

Háskólinn á Bifröst vill sjá skipulagsheildum fyrir ábyrgum, víðsýnum og vel menntuðum stjórnendum og starfsmönnum með góða þekkingu á fjármálum, stjórnun og markaðsmálum, auk getu til þess að meta og þróa viðskiptatækifæri á núverandi og nýjum vettvangi. Nemendur fá þjálfun í að meta með gagnrýnum hætti tækifæri til úrbóta og sóknar á meginsviðum fyrirtækja sem þeir starfa fyrir.

MS/MIB alþjóðaviðskipti

Í námi í Alþjóðaviðskiptum er sérstaklega horft á stefnumótun og markaðssetningu nýrra viðskiptahugmynda á erlendum mörkuðum sem hafa fengið aukið rými í þessu skipulagi. Nemendur fá tækifæri til að rannsaka og skoða helstu atriði sem snúa að alþjóðaviðskiptum, eins og alþjóðasamskipti, alþjóðlega markaðsfræði, alþjóðafjármál o.fl.

Meistaránámi í alþjóðaviðskiptum er ætlað að veita þjálfun til sérhæfðra starfa hjá fyrirtækjum sem starfa hér á landi og erlendis. Horft er til sóknar íslenskra fyrirtækja á núverandi og nýjum mörkuðum í Evrópu og annars staðar í veröldinni. Sérstök áhersla er á stefnumótun og markaðssetningu nýrra viðskiptahugmynda á erlendum mörkuðum. Einnig er lögð áhersla á að nemendur þjálfist í því að meta með gagnrýnum hætti tækifæri til úrbóta og sóknar á meginsviðum þeirra fyrirtækja sem þeir starfa fyrir.

MS/MLM forysta og stjórnun, – áhersla á mannauðsstjórnun, – áhersla á verkefnastjórnun og áhersla á þjónandi forystu

Meistaránám í Forystu og stjórnun undirstrikar og styður jafnframt við hlutverk Háskólans á Bifröst sem er m.a. að undirbúa fólk fyrir forystustörf í atvinnulífi og samfélagi, með sjónarmið sjálfbærni og samfélagslegrar ábyrgðar að leiðarljósi. Forysta er fjölbætt fyrirbæri sem þarf að skoða út frá mörgum sjónarhornum. Til að ná því markmiði eru fjölbreyttir áfangar í boði sem mynda bæði fræðilegan og praktískan grunn. Meðal annars er sérstakur áfangi í þjónandi forystu, e. servant leadership, sem og áfangar þar sem fjallað er um margar ólíkar kenningar innan leiðtogafræðanna. Áhersla er lögð á samskipti og samskiptahæfni stjórnenda og leiðtoga.

Námið á að undirbúa nemendur undir flókin og krefjandi stjórnenda- og leiðtogastörf. Nútíma stjórnunarhættir kalla á á samskipti í teyllum og hvernig má veita forystu í teyllum og því verður sérstök áhersla á slíkt í náminu. Ennfremur er tilgangur námsins að rannsaka og finna út úr hvernig árangursríkar skipulagsheildir beita faglegri forystu og stjórnun.

MS/MMM markaðsfræði

Meistaránám í markaðsfræðum er hagnýtt nám á sviði markaðsfræða en Háskólinn á Bifröst hefur um áráraðir boðið, í grunnnámi, uppá viðskiptafræði með áherslu á

markaðssamskipti. Starfsmenn skólans hafa verið virkir rannsakendur á þessu sviði og unnið með mörgum af öflugust fyrirtækjum landsins. Meistaránám í markaðsfræðum er fyrir einstaklinga sem vilja afla sér þekkingar á breiðu sviði markaðsfræða. Námið er einnig fyrir þá sem starfa nú þegar við markaðsstörf en vilja efla sig, þróa og ná lengra á þessu sviði. Til að þetta náist er boðið uppá fjölbreytt námskeið sem fjalla um margvísleg svið markaðsfræðanna eins og stafræna markaðsstjórnun sem verður æ mikilvægari í ljósi flóknari samskipta við viðskiptavini. Í náminu er ennfremur lögð áhersla á lykilatriði í stefnumótun og markaðsrannsóknir og hvernig megi betur stýra flóknum viðskiptatengslum.

Skiptinám

Nemendum býðst að fara eina önn og stunda nám í einum af samstarfsskólum háskólans erlendis. Skiptinám er góður undirbúningur fyrir nám og störf í alþjóðlegu umhverfi og um leið fá nemendur tækifæri til að kynnst annarri menningu, öðlast mikilvæga reynslu og víkka sjóndeildarhringinn. Nokkuð er um að nemendur í meistaránámi fari í skiptinám eina önn þótt það sé í minna mæli en í grunnnámi.

Starfsnám

Markmiðið með starfsnámi er að bjóða nemendum upp á starfsþjálfun undir faglegri handleiðslu reyndra stjórnenda í fyrirtækjum og stofnunum. Um er að ræða þjálfun á vinnustað sem tekur mið af starfsemi stofnunar/fyrirtækis. Umsjónarmaður og nemandi hittast reglulega og meta vinnu og framvindu verkefna. Að starfsnámi loknu eiga nemendur að kunna að beita viðeigandi aðferðum við þau verkefni sem þeim voru falin og hafa öðlast sjálfstæði í vinnubrögðum og geta sett upp verkáætlun og fylgt henni.

Rannsóknatenging

Leitast er við að tengja rannsóknir við þau námskeið þar sem þess er kostur en á hverjum tíma eru nokkrir nemendur þátttakendur í ýmsum rannsóknarverkefnum við skólann. Ýmis störf nemenda utan skólans með námi hafa stuðlað að auknum þroska og tengingu námsins við atvinnulífið.

Lærdómsviðmið

Lærdómsviðmið námsleiðar eru sett fram samkvæmt viðmiðum um æðri menntun og prófgráður sem menntamálaráðuneytið gaf út árið 2011 samkvæmt lögum nr. 63/2006

Að námi loknu eiga nemendur að uppfylla eftirfarandi viðmið samkvæmt þeim námsárangri sem fram kemur í útskriftarskírteini og skírteinisviðauka.

Þekking og skilningur

Nemendur hafa að námi loknu öðlast faglega færni á námsgrein sinni, eru inni í því sem efst er á baugi á sviðinu og færir um að fylgjast með faglegri þróun. Nemendur séu færir um að skýra og rökstyðja faglegar niðurstöður, geta bent á vandamál og tækifæri á sviðinu og tekið þátt í umræðu um lausnir.

MS/MIB Alþjóðaviðskipti

Að nemandinn hafi öðlast yfirsýn á nýjustu þekkingu innan alþjóðlegra viðskipta.

Auk þekkingarmarkmiða af fyrsta þrepi skal nemandi á öðru þrepi hafa aukið færni frá fyrri þrepum og tengjast alþjóðlegum viðskiptum, m.a. íslenskra fyrirtækja erlendis eða erlendra fyrirtækja á Íslandi.

Ætlast er til að nemandi geti nýtt þekkingu sína og skilning í faglegri vinnu sem tengist alþjóðaviðskiptum og hafi hæfni til að rökstyðja faglegar úrlausnir eða lausnir á vanda innan alþjóðaviðskipta með skýrum hætti í ræðu og riti.

MS/MLM Forysta og stjórnun

Að nemandinn hafi öðlast kerfisbundinn skilning á nýjustu þekkingu sem völ er á innan forystu og stjórnunar.

Auk þekkingarmarkmiða af fyrsta þrepi skal nemandi á öðru þrepi hafa aukið sérþekkingu sína með því að dýpka eða breikka þann þekkingargrunn sem hann hefur tileinkað sér á fyrri þrepum og tengist þáttum á sviði forystu og stjórnunar.

Ætlast er til að nemandinn geti nýtt þekkingu sína og skilning í faglegri vinnu sem tengist faglegri forystu og stjórnun og hafi hæfni til að rökstyðja faglegar úrlausnir eða lausnir á vanda á þessu sviði með skýrum hætti í ræðu og riti.

MS/MMM Markaðsfræði

Að nemandinn hafi öðlast kerfisbundinn skilning á nýjustu þekkingu sem völ er á innan markaðsfræða.

Auk þekkingarmarkmiða af fyrsta þrepi skal nemandi á öðru þrepi hafa aukið sérþekkingu sína með því að dýpka eða breikka þann þekkingargrunn sem hann hefur tileinkað sér á fyrri þrepum og tengist þáttum á sviði markaðsfræða.

Ætlast er til að nemandinn geti nýtt þekkingu sína og skilning í faglegri vinnu sem tengist markaðsfræðum og hafi hæfni til að rökstyðja faglegar úrlausnir eða lausnir á vanda á þessu sviði með skýrum hætti í ræðu og riti.

Tegund þekkingar

Nemendur skilja vandamál og viðfangsefni greinarinnar og geta byggt faglega umfjöllun á byggða á nýjustu upplýsingum og rannsóknum á sviðinu. Þeir hafa tileinkað sér allar helstu aðferðir rannsókna og gagnaöflunar og geta því á skilvirkan hátt leyst helstu verkefni sem búast má við í starfi.

MS/MIB Alþjóðaviðskipti

Að nemandinn hafi mikilvæga vitneskju um vandamál og viðfangsefni, byggða á nýjustu upplýsingum og rannsóknum á sviði alþjóðaviðskipta.

Að nemandinn hafi tileinkað sér þekkingu með námskeiðum, rannsóknum og nýtingu veraldarvefsins til þekkingaröflunar á sérhæfðu fræðasviði innan alþjóðaviðskipta.

MS/MLM Forysta og stjórnun

Að nemandinn hafi mikilvæga vitneskju um vandamál og viðfangsefni, byggða á nýjustu upplýsingum og rannsóknum á sviði forystu og stjórnunar.

Að nemandinn hafi tileinkað sér þekkingu með námskeiðum, rannsóknum og nýtingu veraldarvefsins til þekkingaröflunar á sérhæfðu fræðasviði innan forystu og samskipta.

MS/MMM Markaðsfræði

Að nemandinn hafi mikilvæga vitneskju um vandamál og viðfangsefni, byggða á nýjustu upplýsingum og rannsóknum á sviði markaðsfræða.

Að nemandinn hafi tileinkað sér þekkingu með námskeiðum, rannsóknum og nýtingu veraldarvefsins til þekkingaröflunar á sérhæfðu fræðasviði innan markaðsfræða.

Hagnýt þekking

Nemendur hafa að námi loknu öðlast hagnýta þekkingu á námsgrein sinni og þekkja til helstu lykilverkefna sem og áskorana sem fyrirtæki, bæði innlend og erlend, kunna að standa frammi fyrir. Ennfremur, þekkja til helstu aðferða, kenninga, líkana o.s.frv. sem geta aðstoðað fyrirtæki til að ná betri árangri.

MS/MIB Alþjóðaviðskipti

Að nemandinn geti tekið sjálfstæðar, faglegar ákvarðanir og rökstutt þær með skýrum hætti á grunni þekkingar sinnar á alþjóðaviðskiptum.

Að nemandinn hafi getu og hæfni til þess að meta, greina og afla vísindalegra gagna sem tengjast alþjóðlegum viðskiptum.

Að nemandinn geti þróað og sett í samhengi verkefni á sviði alþjóðaviðskipta með aðferðum á grunni fræðanna, kenninga og/eða tilrauna á þessu sviði.

Að nemandinn geti skilið og tekist á við flókin alþjóðleg viðfangsefni á sviði viðskipta í faglegu samhengi og samstarfi.

MS/MLM Forysta og stjórnun

Að nemandinn geti tekið sjálfstæðar, faglegar ákvarðanir og rökstutt þær með skýrum hætti á grunni þekkingar sinnar á sviði forystu og stjórnunar.

Að nemandinn hafi getu og hæfni til þess að meta, greina og afla vísindalegra gagna sem tengjast forystu og stjórnun.

Að nemandinn geti skilið og tekist á við flókin viðfangsefni á sviði forystu og stjórnunar í faglegu samhengi og samstarfi.

Að nemandinn þekki til helstu kenninga á sviði forystu, eins og þjónandi forysta, sönn forysta, umbreytingarforysta o.fl.

MS/MMM Markaðsfræði

Að nemandinn geti tekið sjálfstæðar, faglegar ákvarðanir og rökstutt þær með skýrum hætti á grunni þekkingar sinnar á sviði markaðsfræða.

Að nemandinn hafi getu og hæfni til þess að meta, greina og afla vísindalegra gagna sem tengjast markaðsfræðum.

Að nemandinn geti skilið og tekist á við flókin viðfangsefni á sviði markaðsfræða í faglegu samhengi og samstarfi.

Að nemandinn þekki til helstu kenninga og líkana á sviði markaðsfræða.

Fræðileg hæfni

Nemendur geta metið sjálfstætt hvenær mismunandi greiningaraðferðir og flókin fræðileg atriði eiga við. Einnig þurfa nemendur að geta samþætt þekkingu, glímt við flókin viðfangsefni og sett fram skoðun út frá takmörkuðum upplýsingum. Ennfremur eiga nemendur að hafa tileinkað sér gagnrýna hugsun og geti greint og lagt faglegt mat á hvernig má nýta fræðin til að koma auga á tækifæri og leita úrlausna við helstu vandamálum sem fyrirtæki, stjórnendur og starfsfólk standa frammi fyrir. Í MS útgáfu námsins er sérstök áhersla lögð á að nemandinn geti beitt rannsóknafærlinu með árangri og unnið sjálfstætt rannsóknarverkefni.

MS/MIB Alþjóðaviðskipti

Að nemandinn sýni fram á aukinn og dýpri skilning og víðtækari yfirsýn á sérfræðisviði sínu innan alþjóðlegra viðskipta en felst í námi á fyrsta þrepi.

Að nemandinn geti nýtt þekkingu sína, skilning og úrlausnarhæfni við nýjar og ókunnuglegar aðstæður í breiðu eða þverfaglegu samhengi sem tengist alþjóðaviðskiptum í vel og minna þróuðum samfélögum.

Að nemandinn þekki til rannsóknaraðferða á sviði nýsköpunar, rekstrar, fjármála og markaðsmála í alþjóðlegu umhverfi og sé læs á rannsóknir og niðurstöður þeirra.

MS/MLM Forysta og stjórnun

Að nemandinn sýni fram á aukinn og dýpri skilning og víðtækari yfirsýn á sérfræðisviði sínu innan forystu og stjórnunar en felst í námi á fyrsta þrepi.

Að nemandinn geti nýtt þekkingu sína, skilning og úrlausnarhæfni við ýmsar aðstæður í breiðu eða þverfaglegu samhengi.

Að nemandinn þekki til rannsóknaraðferða á sviði forystu, nýsköpunar, rekstrar, fjármála og markaðsmála í alþjóðlegu umhverfi og sé læs á rannsóknir og niðurstöður þeirra.

MS/MMM Markaðsfræði

Að nemandinn sýni fram á aukinn og dýpri skilning og víðtækari yfirsýn á sérfræðisviði sínu innan markaðsfræða en felst í námi á fyrsta þrepi.

Að nemandinn geti nýtt þekkingu sína, skilning og úrlausnarhæfni við ýmsar aðstæður í breiðu eða þverfaglegu samhengi.

Að nemandinn þekki til rannsóknaraðferða á sviði markaðsmála, nýsköpunar, rekstrar, fjármála í alþjóðlegu umhverfi og sé læs á rannsóknir og niðurstöður þeirra.

Hæfni í samskiptum, upplýsingalæsi og miðlun

Nemendur geta átt frumkvæði að nýsköpunarverkefnum og öðrum verkefnum á sviði viðskipta í alþjóðlegu umhverfi, veitt þeim forystu og stýrt þeim, innleitt breytingar og axlað ábyrgð á vinnu einstaklinga og hópa. Ennfremur eiga nemendur að geta greint á skýran og ótvíræðan hátt frá flóknum fræðilegum viðfangsefnum og/eða fræðilega rökstuddum niðurstöðum, einn eða í samstarfi við aðra, bæði meðal sérfræðinga og leikmanna í ræðu og riti. Ennfremur á námið að skila nemendum kunnáttu og þekkingu til þess að greina og miðla tölulegum upplýsingum með skiljanlegum hætti.

MS/MIB Alþjóðaviðskipti

Að nemandinn hafi tileinkað sér notkun hugbúnaðar sem nýtist best við stjórnun í alþjóðlegum viðskiptum.

Að nemandi hafi þekkingu á siðfræði vísinda, alþjóðlegra viðskipta og samskipta.

MS/MLM Forysta og stjórnun

Að nemandinn hafi tileinkað sér notkun hugbúnaðar sem nýtist á sviði forystu og stjórnunar.

Að nemandi hafi þekkingu á siðfræði vísinda, forystu, stjórnunar og samskipta.

MS/MMM Markaðsfræði

Að nemandinn hafi tileinkað sér notkun hugbúnaðar sem nýtist á sviði markaðsmála.

Að nemandi hafi þekkingu á siðfræði vísinda, markaðsfræða, stjórnunar og samskipta.

Námshæfni

Að nemandinn hafi þróað með sér nauðsynlega námshæfni og sjálfstæð vinnubrögð til að geta tekist á hendur frekara nám á þrepi þrjú sem er að miklu leyti byggt á sjálfstæðum vinnubrögðum.

Skipulag náms

Inntökuskilyrði í meistaranám er bakkalár gráða eða sambærilegt próf samkvæmt viðmiðunum um æðri menntun og prófgráður 2011.

Nemendur geta útskrifast með MS gráðu í alþjóðaviðskiptum, MS gráðu í forystu og stjórnun eða MS gráðu í markaðsfræðum með því að klára 10 námskeið og 30 ECTS eininga lokaritgerð.

Nemendur geta einnig valið að ljúka 15 námskeið, skrifa ekki lokaritgerð og útskrifast þá með viðbótarpróf á meistarastigi¹. MIB í alþjóðaviðskiptum, MLM í forystu og stjórnun og MMM í markaðsfræðum.

Að baki hverri ECTS er gert ráð fyrir 25-30 stunda vinnu nemanda. Í þeirri vinnu er allur lestur, verkefnavinna, undirbúningur fyrir próf, kynningar, vinnuhelgar, fyrirlestrar og allt sem talist getur til vinnu nemanda við hvert námskeið.

Námið nýtir og byggir á þekkingu og reynslu fólks sem starfað hefur á mismunandi sviðum viðskipta. Kennsluaðferðir eru frábrugðnar því sem þekkist annars staðar þar sem blandað er saman fjarnámi og staðnámi. Fjarnámið er í boði á haust- og vorönnum en nemendur hittast svo á vinnuhelgum á Bifröst ásamt kennara. Kennslan byggir að miklu leyti á tilviks verkefnum sem tengjast atvinnulífinu.

Kennsla, námsmat og skipulag kennslu fer samkvæmt reglugerð skólans og reglum um nám og kennslu sem má finna í gæðahandbók skólans (F110). Þar má líka finna reglur um lokapróf og ýmsar leiðbeiningar fyrir nemendur. Gæðahandbókina má finna á heimasíðu skólans.

¹ Samkvæmt viðmiðum um æðri menntun og prófgráður sem menntamálaráðuneytið gaf út árið 2011 samkvæmt lögum nr. 63/2006

Skipulag náms: MS/MIB alþjóðaviðskipti

Haustönn 1. ár	EIN	Vorönn 1. ár	EIN	MS - Haustönn 2. ár	EIN
Stefnumótun og framtíðarsýn	6	Alþjóðafjarmál	6	MS ritgerð	30
Alþjóðaviðskipti	6	Aðferðafræði MS / val MIB	6		
Alþjóðasamskipti	6	Valnámskeið	6	MIB - Haustönn 2. ár	EIN
Alþjóðleg markaðsfræði	6	Stafrænir markaðir	6	Valnámskeið	
Valnámskeið	6	Valnámskeið	6	Valnámskeið	
				Valnámskeið	
				Valnámskeið	
				Valnámskeið	
Samtals	30	Samtals	30	Samtals	30

Skipulag náms: MS/MLM forysta og stjórnun

Haustönn 1. ár	EIN	Vorönn 1. ár	EIN	MS - Haustönn 2. ár	EIN
Stefnumótun og framtíðarsýn	6	Samskipti og miðlun leiðtoga	6	MS ritgerð	30
Mannauðsstjórnun	6	Aðferðafræði MS / val MLM	6		
Þjónandi forysta	6	Sjálfbær stjórnun	6	MLM - Haustönn 2. ár	EIN
Valnámskeið	6	Kenningar í leiðtogafræði	6	Valnámskeið	
Valnámskeið	6	Valnámskeið	6	Valnámskeið	
				Valnámskeið	
				Valnámskeið	
				Valnámskeið	
Samtals	30	Samtals	30	Samtals	30

Skipulag náms: MS/MLM forysta og stjórnun - mannauðsstjórnun

Haustönn 1. ár	EIN	Vorönn 1. ár	EIN	MS – Haust / Vor 2. ár	EIN
Mannauðsstjórnun	6	Vinnusálfræði	6	MS ritgerð	30
Stefnumótun og framtíðarsýn	6	Þjálfun og þróun	6	Val m.a. úr eftirfarandi	
Þjónandi forysta	6	Sjálfbær stjórnun	6	MLM - Haust /Vor 2. ár	EIN
Vinnuréttur	6	Kenningar í leiðtogafræði	6	Samskipti og miðlun leiðtoga	
Valnámskeið	6	Aðferðafræði MS / val MLM	6	Breytinga- og krísustjórnun	
				Straumlínustjórnun og skipulag	
				Stjórnarhættir fyrirtækja	
				Hagnýt fjármál fyrir stjórnendur	
Samtals	30	Samtals	30	Samtals	30

Skipulag náms: MS/MLM forysta og stjórnun - verkefnastjórnun

Haustönn 1. ár	EIN	Vorönn 1. ár	EIN	MS - Haustönn 2. ár	EIN
Stefnumótun og framtíðarsýn	6	Samskipti og miðlun leiðtoga	6	MS ritgerð	30
Mannauðsstjórnun	6	Aðferðafræði MS / val MLM	6	Val m.a. úr eftirfarandi	
Straumlínustjórnun og skipulag	6	Sjálfbær stjórnun	6	MLM - Haustönn 2. ár	EIN
Ákvörðunartaka og líkanagerð	6	Kenningar í leiðtogafræði	6	Valnámskeið	
Þjónandi forysta	6	Verkefnastjórnun	6	Valnámskeið	
				Valnámskeið	
				Valnámskeið	
				Valnámskeið	
Samtals	30	Samtals	30	Samtals	30

Skipulag náms: MS/MLM forysta og stjórnun - þjónandi forysta

Haustönn 1. ár	EIN	Vorönn 1. ár	EIN	MS – Haust / Vor 2. ár	EIN
Mannauðsstjórnun	6	Þjónandi forysta III	6	MS ritgerð	30
Stefnumótun og framtíðarsýn	6	Samskipti og miðlun leiðtoga	6	Val m.a. úr eftirfarandi	
Þjónandi forysta	6	Sjálfbær stjórnun	6	MLM - Haust /Vor 2. ár	EIN
Straumlínustjórnun og framtíðarsýn	6	Kenningar í leiðtogafræði	6	Leiðtogafærni	
Þjónandi forysta II	6	Aðferðafræði MS / val MLM	6	Breytinga- og krísustjórnun	
				Hagnýt fjármál fyrir stjórnendur	
				Stjórnarhættir fyrirtækja	
				Samningar og samningatækni	
Samtals	30	Samtals	30	Samtals	30

Skipulag náms: MS/MMM markaðsfræði

Haustönn 1. ár	EIN	Vorönn 1. ár	EIN	MS - Haustönn 2. ár	EIN
Markaðsstjórnun / Alþjóðleg	6	Vörumerkjastjórnun	6	MS ritgerð	30
Markaðsfræði *	6	Sambætt markaðssamskipti	6		
Markaðsrannsóknir	6	Aðferðafræði MS / val MMM	6	MMM - Haustönn 2. ár	Ein
Stjórnun samskipta við viðskiptavini (CRM)	6	Stafrænir markaðir	6	Valnámskeið	
Markaðsstefna og áætlanagerð	6	Markaðssetning þjónustu	6	Valnámskeið	
Valnámskeið	6			Valnámskeið	
				Valnámskeið	
				Valnámskeið	
				Valnámskeið	
Samtals	30	Samtals	30	Samtals	30

*Velja má á milli *Markaðsstjórnunar* og *Alþjóðlegrar markaðsfræði*
Aðferðafræði – alltaf skyldunámskeið fyrir nemendur sem skrifa meistararitgerð.

Lýsingar námskeiða

120.6.0.HAFS, Hagnýt fjármál fyrir stjórnendur

ECTS: 6

Kennari: Jón Snorri Snorrason

Önn og lengd: Haust, stutt lota

Tungumál: Íslenska og enska

Forkröfur: Almennar inngöngukröfur í meistaranám

Valnámskeið í öllum námslínunum.

Lýsing og markmið

Fjallað er um helstu þætti við fjármálastjórnun. Hvort sem nemendur hafa fjármálabakgrunn eða ekki en vilja í starfi sínu geta sinnt stjórnun fjármála. Hagnýt fyrir alla sem vilja auka skilning og vera virkari þátttakendur í umræðum um fjármál skipulagsheilda og hljóta hagnýta þekkingu á helstu þáttum við stjórnun fjármála.

Kynnt eru helstu hugtök og aðferðir tengdar fjármálum og rekstri fyrirtækja s.s. lestur og greining ársreikninga forsendur ákvarðana í fjárfestingu, fjármögnun og arðsemi tækifæra við fjármagnsskipan félagsins og gerð fjármögnunaráætlana arðgreiðslustefna til hluthafa og aðferðir við verðmat félaga.

Hæfniviðmið – Í lok námskeiðs skal nemandi geta sýnt færni við eftirfarandi

Að námskeiði loknu eiga nemendur að geta

- Gert grein fyrir hlutverki fjármálastjórnunar í skipulagsheildum
- Þekkt helstu hugtök fjármálafræðinnar
- Lesið og greint helstu stærðir og kennitölur í ársreikningum skipulagsheilda
- Reiknað og útskýrt helstu kennitölur í rekstri skipulagsheilda
- Gert einfaldar fjárhagsáætlanir og kostnaðargreiningu
- Metið fjárfestingarkosti
- Greint helstu leiðir fjármögnunar
- Gert einfalda verðmatsútreikninga
- Tekið þátt í samræðum um fjármál skipulagsheilda
- Útskýrt og notað núvirðisreikninga
- Beitt aðferðum til að áætla verðmæti eigna
- Útskýrt helstu arðgreiðslustefnur
- Útskýrt stjórn veltufjármuna og fjármögnun þeirra.

120.6.0.SHFS, Stjórnunarhættir fyrirtækja og skipulag

ECTS: 6

Kennari: Dr. Runólfur Smári Steinþórsson

Önn og lengd: Vor, stutt lota

Tungumál: Íslenska og enska

Forkröfur: Almennar inngöngukröfur í meistaranám

Valnámskeið í öllum námslínunum.

Lýsing og markmið: Námskeiðið tvinnar saman nýstárlegar hugmyndir um stjórnun fyrirtækja við fjölmargar klassískar kenningar sem mikilvægt er að þekkja svo skilja megi stjórnunarhætti fyrirtækja og skipulag þeirra til hlítar. Nemendur fá jafnframt hagnýta tengingu gegnum verkefnavinnu. Námskeiðið er líka hugsað sem góður grunnur fyrir önnur námskeið í meistaranáminu.

Hæfniviðmið – Í lok námskeiðs skal nemandi geta sýnt færni við eftirfarandi

Viðmið um þá þekkingu sem nemendum er ætlað að tileinka sér:

a) Nemendur skulu geta gert grein fyrir kenningum sem varða efnahagslega þætti í starfsemi fyrirtækja, stjórnun þeirra og skipulag, einkum kenningum um atferli innan fyrirtækja, þróunarkenningum, viðskiptakostnaðar-kenningum, stofnanakenningum, kenningum um samruna og yfirtökur og kenningum um stjórnarhætti.

b) Nemendur skulu geta gert grein fyrir nýjustu kenningum Henry Mintzbergs um stjórnun og skipulag, sem hefur að geyma mjög gagnrýna og framsækna umfjöllun. Viðmið um færni sem stefnt er að nemendur tileinki sér í námskeiðinu:

c) Nemendur vinna með hinar ýmsu kenningar og setja þær í samband við viðfangsefni sem fyrirtæki eru að glíma við og sýna fram á getu til greiningar og ályktana bæði skriflega og munnlega (í tímum) hvaða hagnýta gildi þær geta haft.

d) Nemendur munu vinna með kenningar Mintzbergs og draga af þeim lærdóm um stjórnun bæði með gagnrýni á eigin stjórnunaraðferðir og stjórnunaraðferðir innan fyrirtækja gegnum verkefnavinnu. Framsetning á greiningu er bæði skrifleg og munnleg (í tímum).

122.6.0.ALVN, Alþjóðaviðskipti

ECTS: 6

Kennari: Dr. Ingólfur Arnarsson

Önn og lengd: Haust, stutt lota

Tungumál: Íslenska og enska

Forkröfur: Almennar inngöngukröfur í meistaranám

Skyldunámskeið MS/MIB í alþjóðaviðskiptum.

Valnámskeið í öðrum námslínnum.

Lýsing og markmið

Námskeiðið fer yfir helstu grunnþætti alþjóðaviðskipta. Sérstök áhersla er lögð á áhrif stjórnvalda, trúar og annara umhverfisþátta á alþjóðaviðskipti. Í námskeiðinu verða gerðar athuganir (examination) á alþjóðaviðskiptum með tilliti til viðskiptatækifæra innan alþjóðasamfélagsins og á áhrif erlends umhverfis á stefnumótun fyrirtækja.

Sérstök áhersla er lögð á akademíska færni, vönduð vinnubrögð og formfestu.

Hæfniviðmið – Í lok námskeiðs skal nemandi geta sýnt færni við eftirfarandi

- greina og ræða helstu þróunarstrauma í alþjóðaviðskiptum og áhrifum þeirra á alþjóðasamfélagið og einstaka markaði
- þekkja og skýra mismunandi tegundir alþjóðlegrar viðskiptasamvinnu og gera grein fyrir áhrifum þeirra á alþjóðaviðskipti
- þekkja mikilvægi alþjóðastofnana í alþjóðaviðskiptum
- þekkja höfuð sóknarmynstur fyrirtækja í alþjóðaviðskiptum
- skýra og greina áhrif eftirfarandi umhverfisþátta á alþjóðaviðskipti: Menningar hagkerfis, pólitík, lagalegs umhverfis, tæknilegs umhverfis og náttúrlegra þátta
- greina og ræða daglega viðburði í alþjóðlegu viðskiptalegu samhengi.

122.6.0.STFR Stefnumótun og framtíðarsýn

ECTS: 6

Kennari: Einar Svansson, Haraldur Daði Ragnarsson

Önn og lengd: Haust, stutt lota

Tungumál: Íslenska og enska

Forkröfur: Almennar inngöngukröfur í meistaranám

Skyldunámskeið í alþjóðaviðskiptum og forystu og stjórnun.
Valnámskeið í öðrum námslínnum.

Lýsing og markmið: Námskeiðið er meistaranámskeið í stefnumótun og er ætlað að kynna helstu hugtök og aðferðir stefnumiðaðrar stjórnunar sem er nauðsynlegt að þekkja til að greina og móta stefnu og geta beitt til að ná árangri við innleiðingu hjá félögum, einkafyrirtækjum og opinberum stofnunum. Stefnumótun er skoðuð við ýmsar aðstæður, innanlands og á alþjóðavettvangi. Nýstárlegar aðferðir við greiningu verða kynntar: sviðsmyndagreining og hagsmunaaðilagreining.

Hæfniviðmið – Í lok námskeiðs skal nemandi geta sýnt færni við eftirfarandi

Þekkingarmarkmið:

- Nemendur eiga að skilja og geta útskýrt helstu hugtök um stefnumótun fyrirtækja
- Nemendur þekki helstu kenningar um stefnumiðaða stjórnun
- Nemendur skilji mikilvægi stefnumótunar í mismunandi umhverfi
- Nemendur eiga að þekkja helstu hugtök um markmið, hlutverk og framtíðarsýn fyrirtækja
- Nemendur kunni skil á innleiðingu stefnu og eftirliti með árangri
- Nemendur geti greint grunnskipulag fyrirtækja og skipurit
- Nemendur þekki tvær helstu kenningar um mótun stefnu: forskriftarstefnu og birtingarstefnu

Færnimarkmið:

- Geti útskýrt algeng greiningarlíkön stefnumótunar
- Geti útskýrt hvernig mismunandi aðferðir stefnumótunar eru nýttar og hrint í framkvæmd af stjórnendum á Íslandi og í alþjóðlegum rekstri
- Geti greint og sett fram stefnu í fyrirtæki eða stofnun
- Hafa þróað gagnaöflunarfærni og framsetningu (kynningu) efnis
- Hafa þróað með sér uppbyggilega gagnrýni sem byggist á jákvæðni og faglegri greiningu á nokkrum helstu líkönum (kerfum) og hugtökum stefnumótunarfræðanna
- Geti skipst á skoðunum um helstu kenningar um stefnumótun

122.6.0.SALA Sala og markaðir

ECTS: 6

Kennari: Dr. Gunnar Óskarsson

Önn og lengd: Haust, stutt lota

Tungumál: Íslenska og enska

Forkröfur: Almennar inngöngukröfur í meistaranám

Valnámskeið í öllum námslínnum.

Lýsing og markmið: Megin áhersla verður lögð á að gefa nemendum færi á að komast í snertingu við að vinna raunhæf verkefni til undirbúnings vali og inngöngu á erlendan markað eða markaði. Farið ítarlega í tiltekin viðfangsefni sem hafa áhrif á árangur og sölu á erlendum mörkuðum.

Hæfniviðmið – Í lok námskeiðs skal nemandi geta sýnt færni við eftirfarandi

Þekkingarmarkmið:

- Nemendur þekki helstu uppsprettur þekkingar og gagnagrunna
- Nemendur skilji hvernig fyrirliggjandi rannsóknir og upplýsingar nýtast til að spá fyrir um árangur
- Nemendur þekki helstu þætti sem hafa áhrif á árangur í markaðssetningu erlendis
- Nemendur hafi góða innsýn í hvaða þættir hafa áhrif ólík viðfangsefni í markaðssetningu erlendis
- Færnimarkmið:
- Geti greint tækifæri á erlendum markaði
- Geti nýtt sér fyrirliggjandi þekkingu til að móta stefnu í alþjóðamarkaðssetningu
- Geti sett fram vel rökstudda skýrslu um stefnumörkun og innleiðingu markaðsáætlunar
- Geti skipst á skoðunum um helstu kenningar í alþjóðamarkaðssetningu og sett þær í samhengi við ólík viðgangsefni

122.6.0.FMNT Fjármögnun nýrra tækifæra

ECTS: 6

Kennari: Agnar Jón Ágústsson

Önn og lengd: Haust, stutt lota

Tungumál: Íslenska og enska

Forkröfur: Almennar inngöngukröfur í meistaranám

Valnámskeið í öðrum námslínnum.

Lýsing og markmið: Markmið námskeiðsins er að gefa nemendum innsýn á mögulegar fjármögnunarleiðir nýrra viðskiptatækifæra. Farið verður yfir:

- kynningu á umhverfi sprotafyrirtækja, áhættu og markaðir,
- ársreikninga (rekstrar-, efnahagsreikningur og sjóðstreymi),
- fjárhagsáætlun og mat á fjárþörf,
- helstu fjármögnunarleiðir á mismunandi æviskeiði fyrirtækja,
- hvernig verðmeta á ný viðskiptatækifæri út frá sjóðstreymi,
- útreikninga hversu stóran hlut skal selja,

Hæfniviðmið – Í lok námskeiðs skal nemandi geta sýnt færni við eftirfarandi

Þekkingarmarkmið

- Kunna skil á mismunandi fjármagnsmörkuðum og tækifærum til fjármögnunar,
- Mögulegum fjármögnunarleiðum á mismunandi æviskeiði fyrirtækja,
- Kunna skil á eðli og formi fjármögnunarleiða,
- Hafa öðlast skilning á mismunandi verðmatsaðferðum og beitingu þeirra við mismunandi aðstæður,
- þekkja grundvallaratriðin er snúa að því að kynna og setja fram efni á kynningum fjárfesta.

Færnimarkmið

- Vera fær um að meta fjárþörf til lengri og skemmri tíma
- Gera verðmatsútreikninga á gengi hlutabréfa og skuldabréfa
- Fær um að reikna frjálst sjóðstreymi og þekkja muninn á frjálsum sjóðstreymi og sjóðstreymi,
- Hafa haldgóðan skilning á lestri ársreikninga til að leggja eigið mat á t.d. fjárhagslega styrkleika, greiðsluhæfi, arðsemi o.fl.

122.6.0.BROK, Breytinga- og krísustjórnun

ECTS: 6

Kennari: Jón Snorri Snorrason

Önn og lengd: Vor, stutt lota

Tungumál: Íslenska og enska

Forkröfur: Almennar inngöngukröfur í meistaranám

Valnámskeið í öllum námslínnum.

Lýsing og markmið:

Farið er yfir lykilatriði breytingastjórnunar s.s. innleiðingu breytinga, viðbrögð starfsmanna, helstu hindranir í vegi breytinga ásamt hamlandi og drífandi kröftum í breytingaferlinu. Fyrirtækjamenningu er gerð ítarleg skil. Farið er ítarlega í kenningar og aðferðir sem breytingastjórnun byggir á og ræddar algengustu lausnir og aðferðir í stjórnun breytinga. Rætt er um hlutverk leiðtoga, stjórnenda og stefnumótunar í breytingum. Eftir námskeiðið geti nemendur tekið þátt í þróun og mótun breytingavinnu út frá þekkingu sinni á aðferðum og kenningum. Nemendur geti lagt sjálfstætt mat á ólíkar aðferðir til að byggja breytingaáætlanir á í samræmi við markmið breytinganna.

Lærdómsviðmið – Í lok námskeiðs skal nemandi geta sýnt færni við eftirfarandi

Þekking:

- hafa yfirgripsmikla þekkingu og skilning á sviði breytingastjórnunar og um þætti eða viðfangefni stjórnenda, er lúta að breytingum innan skipulagsheilda
- þekkja vel til kenninga, ferla og aðferða, er varða helstu verkefni við breytingar
- þekkja helstu rannsóknaraðferðir breytingastjórnunar

Leikni

- geta á gagnrýninn hátt fjallað um og beitt ólíkum kenningum breytingastjórnunar sem og kenningum um aðra þætti stjórnunar og forystu, er snerta breytingar í skipulagsheildum
- geta tekið viðfangsefni breytinga, er þarfnast úrlausnar til fræðilegrar skoðunar og vera þess umkominn að velja viðeigandi aðferð til lausnar

Hæfni nemenda er fólgin í að hann

- geta stýrt breytingum og unnið verkefni á sviði breytingastjórnunar innan skipulagsheilda
- geta unnið með öðrum í hópi við öflun gagna og miðlun upplýsinga með skýrslum eða fyrirlestrum og geti tjáð sig skipulega um breytingastjórnun í ræðu og riti
- geta undir leiðsögn leiðbeinenda skipulagt og unnið rannsóknaverkefni, geti gagnrýnt eigin niðurstöður og geri sér grein fyrir, hvenær nauðsynlegt er að afla frekari þekkingar.

122.6.0.VENS, Viðskiptaenska

ECTS: 6

Kennari: Ingólfur Arnarson

Önn og lengd: Vor, stutt lota

Tungumál: Íslenska og enska

Forkröfur: Almennar inngöngukröfur í meistaranám

Valnámskeið í öllum námslínunum.

Námskeiðslýsing

Viðskiptatengdur orðaforði nemenda aukinn og bætur. Þjálfun lesskilnings og ritunar með verkefnum sem lúta að viðskiptum. Námið byggir einkum á verkefnum, viðtölum, samtölum og formlegum fyrirlestrum. Miðað er við að nemendur hafi þekkingu á ensku sem samsvarar öðru þrepi (hæfniramma um íslenska menntun – aðalnámskrá um framhaldsskóla).

Hæfniviðmið – í lok námskeiðs skal nemandi geta sýnt færni við eftirfarandi lærdómsviðmið.

Þekking nemandi skal

- Geta skilgreint helstu hugtök sem fjallað hefur verið um í námskeiðinu.
- Vera fær um að miðla efni ritaðs texta sem tengist viðskiptum.
- Skilja greinar og talað mál þegar fjallað er um viðskipti.

Leikni

- Skrifa faglegan texta um mál sem tengjast viðskiptum.
- Skilja án vandkvæða megininntak erinda og rökræðna sem fjalla um viðskipti.
- Greint og miðlað efni ritaðs texta sem tengist viðskiptum.

Hæfni

- Geta tjáð sig í samtölum um viðskiptaleg efni á greinargóðan og skýran hátt.
- Taka þátt í umræðum og færa rök fyrir máli sínu um viðskiptatengd málefni.

134.6.0.ÞJÓN, Þjónustustjórnun

ECTS: 6

Kennari: Anna Marín Þórarinsdóttir

Önn og lengd: Vor, stutt lota

Tungumál: Íslenska og enska

Forkröfur: Almennar inngöngukröfur í meistaranám

Skyldunámskeið í markaðsfræði. Valnámskeið í öðrum námslínnum.

Lýsing og markmið: Námskeiðið er meistaranámskeið í þjónustustjórnun og er ætlað að kynna helstu hugtök og aðferðir sem er nauðsynlegt að þekkja til að ná árangri við rekstur og markaðssetningu þjónustufyrirtækja. Þjónusta er skoðuð við ýmsar aðstæður, innanlands og á alþjóðavettvangi. Helstu sjónarhorn eru mannauður, tækni og stefna þjónustufyrirtækja.

Hæfniviðmið – Í lok námskeiðs skal nemandi geta sýnt færni við eftirfarandi

Þekkingarmarkmið:

- Nemendur eiga að skilja og geta útskýrt helstu hugtök þjónustuhagkerfis og markaðssetningar
- Nemendur þekki lykilkennningar um neytendur og staðfæringu þjónustu á samkeppnismarkaði
- Nemendur skilji hvernig aðlaga má grunnaðferðir markaðsfræðinnar að þjónustufyrirtækjum
- Nemendur kuni skil á innleiðingu árangursríkrar þjónustustefnu og eftirliti með gæðum
- Nemendur eiga að þekkja helstu líkön um tengsl þjónustufyrirtækisins við viðskiptavininn
- Færnimarkmið:
- Geti útskýrt helstu kenningar og líkön sem notuð eru við stjórnun og markaðssetningu þjónustu
- Geti útskýrt hvernig þekktar aðferðir markaðsfræði og stjórnunar eru nýttar í þjónustu
- Geti greint og sett fram þjónustustefnu í fyrirtæki eða stofnun
- Hafa þróað gagnaöflunarfærni og framsetningu (kynningu) efnis
- Hafa þróað með sér uppbyggilega gagnrýni sem byggist á jákvæðni og faglegru greiningu á nokkrum helstu líkönum (kerfum) og hugtökum þjónustufræðanna
- Geti skipst á skoðunum um helstu kenningar um þjónustustjórnun og markaðsfærslu þjónustu

122.6.0.ALFJ, Alþjóðafjármál

ECTS: 6

Kennari: Stefán Valgarð Kalmansson

Önn og lengd: Vor, stutt lota

Tungumál: Íslenska og enska

Forkröfur: Almennar inngöngukröfur í meistaranám

Skyldunámskeið í alþjóðaviðskiptum. Valnámskeið í öðrum námslínnum.

Lýsing og markmið:

Helstu efnisþættir: Fyrirtækjarekstur í alþjóðlegu umhverfi. Uppbygging peningamálakerfa heimsins, gjaldmiðlasvæði og greiðslujöfnuður. Fræðikenningar um kaupmáttarjafnvægi og forsendur um samband gjaldmiðla, vaxta og verðbólgu. Mismunandi „viðkvæmni“ (exposures). Fjármögnun (hlutfé og lánsfé) á alþjóðamörkuðum. Beinir erlendar fjárfestingar - kenningar og áhættur. Fjárstýring milli landa og stjórnun greiðslustrauma milli markaðssvæða og starfsstöðva. Transfer pricing og meðhöndlun arðgreiðslna. Áætlanagerð við alþjóðlegar aðstæður. Skattalegar aðstæður í fjölþjóðlegu umhverfi.

Hæfniviðmið – Í lok námskeiðs skal nemandi geta sýnt færni við eftirfarandi

Þekkingarmarkmið:

- Nemendur eiga að geta lýst umhverfi fjölþjóðafyrirtækja og hvað þar er einkennandi.
- Nemendur eiga að geta dregið fram grunnþætti varðandi orsakir og afleiðingar fjármálakreppunnar.
- Nemendur eiga að geta útskýrt og gagnrýnt fræðikenningar um samband milli mismunandi hagstærða.
- Nemendur eiga að skilja áhrifaþætti sem geta valdið viðkvæmi (exposure) í alþjóðlegum fyrirtækjarekstri.

Færnimarkmið:

- Nemendur eiga að geta túlkað fjármálalegar hliðar fyrirtækjarekstrar á alþjóðavísu.
- Nemendur eiga að geta lýst þeim kröftum sem áhrif hafa á þróun hagstærða og gengis gjaldmiðla.
- Nemendur eiga að hafa fengið þjálfun í að greina aðstæður alþjóðlegs rekstrar samanborið við staðbundna starfsemi fyrirtækja.
- Nemendur eiga að hafa fengið þjálfun í að kynna sér og greina aðstæður fjölþjóðarekstrar við mismunandi aðstæður.
- Nemendur eiga að geta metið ávinning/áhættur sem fjölþjóðarekstur getur falið í sér.

120.6.0.SAMT, Samningar og samningatækni

ECTS: 6

Kennari: Elmar Hallgríms Hallgrímsson

Önn og lengd: Vor, stutt lota

Tungumál: Íslenska og enska

Forkröfur: Almennar inngöngukröfur í meistaranám

Valnámskeið í öllum námslínnum.

Lýsing og markmið: Í námskeiðinu verður annars vegar farið yfir lykilatriði að árangursríkri samningatækni. Kynntar verða leiðir til að ná fram meiri árangri í samningaviðræðum og hvernig hægt er að stuðla að lausnamiðaðri nálgun við samningsaðila. Fjallað verður m.a. um markvissan undirbúning fyrir samningaviðræður, gagnlegar aðferðir við uppbyggingu á árangursríku samningaferli og mismunandi tækni til að mæta ólíkum samningamönnum. Hins vegar verður farið yfir grunnatriði sáttamiðlunar sem er vaxandi aðferðafræði við lausn ágreiningsmála út um allan heim. Í sáttamiðlun er leitast við að aðilar máls komi með beinum hætti að lausn ágreiningsmála í stað þess að þriðji aðili ákveði niðurstöðuna. Farið verður yfir ferli sáttamiðlunar og þær kröfur sem gerðar eru til sáttamiðlara í störfum sínum. Þá verður litið til þeirra aðferða sem hægt er að beita til að bæta samskipti á milli deiluaðila sem og árangursríkar aðferðir við upplýsingaöflun.

Hæfniviðmið – Í lok námskeiðs skal nemandi geta sýnt færni við eftirfarandi

Eftir námskeiðið munu nemendur hafa öðlast þekkingu til að ná fram meiri árangri í samningaviðræðum. Þá munu nemendur hafa öðlast aukna færni í mannlegum samskiptum. Lært að beita skapandi hugsun við úrlausn ágreiningsmála og öðlast hæfni til að greina raunverulega ástæðu deilumála. Hvernig beita skuli virkri hlustun við úrlausn ágreiningsefna og lært spurningatækni til að öðlast skilning á eðli ágreinings.

122.6.0.SBST, Sjálfbær stjórnun

ECTS: 6

Kennari: Elmar Hallgríms Hallgrímsson

Önn og lengd: Vor, stutt lota

Tungumál: Íslenska og enska

Forkröfur: Almennar inngöngukröfur í meistaranám

Skyldunámskeið í forystu og stjórnun. Valnámskeið í öðrum námslínunum.

Lýsing og markmið: Í námskeiðinu verður farið yfir ýmsa þætti sem varðar sjálfbæra stjórnun. Á meðal þess sem farið verður yfir eru grunnatriði í sjálfbærri þróun, samfélagsleg ábyrgð og hvernig hún tengist sjálfbærri þróun. Auk þess verður vikið að fjölmörgu öðrum þáttum sem tengist sjálfbærri þróun fyrirtækja með beinum og óbeinum hætti, svo sem siðfræði, siðareglur, uppljóstrun, fjármálamarkaðir, stjórnarhættir fyrirtækja, umhverfið og markaðssetning. Loks verður fjallað um hvað felst í þjónandi forystu og hvernig sú aðferðarfræði tengist sjálfbærri þróun.

Hæfniviðmið – Í lok námskeiðs skal nemandi geta sýnt færni við eftirfarandi

Eftir námskeiðið munu nemendur hafa öðlast þekkingu á sjálfbærri stjórnun og hvernig hægt er að innleiða hana í tengslum við margskonar starfsemi fyrirtækisins. Þá munu nemendur fá færni í að leysa úr álitamálum sem tengjast samfélagslegri ábyrgð fyrirtækja. Að sama skapi hafa nemendur öðlast þekkingu á hugtakinu „þjónandi forysta“ og samspil þess við sjálfbærra þróun.

122.6.0.ALSA, Alþjóðasamskipti

ECTS: 6

Kennari: Ingvar Örn Ingvarsson

Önn og lengd: Haust, stutt lota

Tungumál: Íslenska og enska

Forkröfur: Almennar inngöngukröfur í meistaranám

Skyldunámskeið í alþjóðaviðskiptum. Valnámskeið í öðrum námslínnum.

Innihald og markmið: „Umfjöllun um menningarlæsi (e. intercultural communication) og af hverju það er ein af forsendum árangurs í alþjóðaviðskiptum. Til skoðunar hvernig aðrir sjá „okkur“ og meta okkar viðskiptahætti. Praktísk notkun menningarlæsis við ákvarðanatöku, samningaviðræðum, kynningum, persónulegum samskiptum, o.s.frv. Markmið að greina menningarmun og láta hann vinna með sér í stað þess að vera hindrun.“

Hæfniviðmið – Í lok námskeiðs skal nemandi geta sýnt færni við eftirfarandi

„Að námskeiði loknu eiga nemendur að hafa góðan skilning á mikilvægi menningarlæsis í alþjóðaviðskiptum. Þeir munu hafa byggt ofan á grunnþekkingu í menningarlæsi og búa þar með yfir auknum samskiptahæfileikum við fólk frá öðrum löndum sem eru forsenda árangurs í alþjóðaviðskiptum. Að nemendur hafi öðlast færni til að greina og leysa vandamál sem koma upp vegna ólíkra samskiptahátta í alþjóðaviðskiptum.“

122.6.0.ALMA, Alþjóðleg markaðsfræði

ECTS: 6

Kennari: Ragnar Már Vilhjálmsson

Önn og lengd: Haust, stutt lota

Tungumál: Íslenska og enska

Forkröfur: Almennar inngöngukröfur í meistaranám

Skyldunámskeið í alþjóðaviðskiptum. Valnámskeið í öðrum námslínnum.

Lýsing og markmið: Fjallað er um alþjóðlega markaðssetningu í kenningalegu og hagnýtu samhengi.

Nemendur læra að hugsa um markaðsmál í alþjóðlegu samkeppnisumhverfi og að hugsa út fyrir það umhverfi sem þeir gjörþekkja. Stuðst við dæmi sem varpa ljósi á kenningar og gefa hugmynd um áskoranir alþjóðlegrar markaðsfræði.

Hæfniviðmið – Í lok námskeiðs skal nemandi geta sýnt færni við eftirfarandi

Þekking og skilningur:

Eftir námskeiðið eiga nemendur að:

- Geta sett hefðbundna markaðsfræði í alþjóðlegt samhengi
- Kunna skil á aðferðafræði ýmissa kenninga alþjóðlegrar markaðssetningar
- Skilja markaðsumhverfi einstakra markaða, bæði innri þætti á borð við menningu og pólitískt laga- og regluverk, sem og ytri þætti á borð við samkeppnishæfni markaða
- Færnimarkmið:
- Eftir námskeiðið eiga nemendur að:
- Geta greint samkeppnishæfni landa eða markaða í alþjóðlegu samhengi
- Geta beitt þekkingu sinni á kenningum alþjóðlegrar markaðssetningar við val á aðferðafræði miðað við aðstæður fyrirtækja í alþjóðavæðingu

129.6.0.ÁLÍK, Ákvörðunartaka og líkanagerð

ECTS: 6

Kennari: XX

Önn og lengd: Haust, stutt lota

Tungumál: Íslenska

Forkröfur: almennar kröfur um inngöngu í meistaranám.

Skyldunámskeið í forysta og stjórnun með áherslu á verkefnastjórnun.
Valnámskeið í öðrum námslínnum.

Lýsing og markmið:

Fjallað um hagnýtingu forrita til verkefnastjórnunar og kennt á algeng forrit til verkefnastjórnunar. Markmið er að veita fræðilega og hagnýta færni í notkun á algengum hugbúnaði sem stjórnendur nota.

MS Project – að setja upp verkáætlanir, aðfangastjórnun og framvinda

Mind Manager – uppsetning og vinna með Hugarkort við skipulag og undirbúning verkefna

Trello - þjálfun í notkun við verkefnavinnu og tímastjórnun

Word umbrot – umbrot í Word og vinna með Zotero

Excel – gerð líkana, úrvinnslu gagna með veltitöflum (pivot) samhliða áhættu- og kostnaðargreiningu.

Hæfniviðmið – Í lok námskeiðs skal nemandi geta sýnt færni við eftirfarandi

Lærdómsviðmið:

Þekkingu

- fjalla um algegnustu forrit innan verkefnastjórnunar
- gera grein fyrir möguleikum ólíks hugbúnaðar við gerð verkáætlunar

Leikni:

- beita ólíkum verkfærum við skipulagningu og framsetningu verkáætlana, við líkanagerð og ákvörðunartöku
- geta skipulagt verk, sett upp heildar verkáætlun frá A - Ö
- meta helstu árangursmælikvarða og frammistöðumælingu í verkefnastjórnun.

Hæfni:

- kynna heildar verkáætlun fyrir hópi, bæði munnlega og skriflega
- gera líkön í Excel á út frá efni námskeiðs.

129.6.0.ÞJFO, Þjónandi forysta

ECTS: 6

Kennari: Dr. Sigrún Gunnarsdóttir, Haraldur Daði Ragnarsson, Sigurður Ragnarsson

Önn og lengd: Haust, 6 einingar

Tungumál: Íslenska og enska

Forkröfur: Almennar inngöngukröfur í meistaranám

Skyldunámskeið í forysta og stjórnun. Valnámskeið í öðrum námslínunum.

Lýsing og markmið: Þjónandi forysta er vaxandi afl innan forystu og margar skipulagsheildir sem nota þessa tegund að hluta eða öllu leyti til að ná árangri. Í áfanganum er farið yfir nokkur lykilatriði þjónandi forystu með áherslu á hvernig hægt er að nýta sér þjónandi forystu til að ná árangri. Lögð er áhersla á að skoða nýjustu rannsóknir á þessu sviði. Umsjón með áfanganum hefur Þekkingarsetur um þjónandi forystu á Íslandi.

Hæfniviðmið: – Í lok námskeiðs skal nemandi geta sýnt færni við eftirfarandi

Geta útskýrt þjónandi forystu í samanburði við aðrar helstu kenningar í forystufræðum

Geta skilgreint hvernig við getum nýtt okkur þjónandi forystu til að ná árangri, hvort heldur fyrir okkur sjálf eða vinnustað okkar

Skilja þýðingu helstu rannsókna á sviði þjónandi forystu og hvernig við getum nýtt okkur þessar rannsóknir.

129.6.0.ÞJFO, Þjónandi forysta - Grunnhugmyndir, rannsóknir og líðan starfsfólks

ECTS: 6

Kennari: Dr. Sigrún Gunnarsdóttir, Haraldur Daði Ragnarsson o.fl.

Önn og lengd: Haust, löng lota

Tungumál: Íslenska og enska

Forkröfur: Almennar inngöngukröfur í meistaranám

Skyldunámskeið í forysta og stjórnun. Valnámskeið í öðrum námslínnum.

Fjallað um grunnatriði hugmyndafræðinnar með áherslu á rit Greenleaf og nýjar rannsóknir um þjónandi forystu erlendis og hér á landi. Rýnt er í hugmyndir Greenleaf og fjallað um rannsóknir sem varpa ljósi á árangur þjónandi forystu fyrir líðan starfsfólks og árangur skipulagsheilda.

Hæfniviðmið. Í lok námskeiðs skal nemandi geta sýnt færni við eftirfarandi lærdómsviðmið:

Þekking:

- Þekki grundvallarhugmyndir þjónandi forystu skv. ritum Greenleaf og ritum annarra fræðimanna.
- Þekki niðurstöður rannsókna um þjónandi forystu og vellíðan starfsfólks.

Leikni:

- Geti kynnt sér rannsóknir og fræðileg skrif um grundvallarhugmyndir þjónandi forystu
- Geti tileinkað sér fræðilegt efni um grundvallarhugmyndir þjónandi forystu á gagnrýnin hátt.
- Sett fram tillögur til eflingar þjónandi forystu á vinnustað.

Hæfni

- Geti, bæði munnlega og skriflega, fjallað um grundvallarhugmyndir þjónandi forystu.
- Hafi hæfni til að rýna í raunverulegar aðstæður miðað við grundvallarhugmyndir þjónandi forystu.
- Geti, bæði munlega og skriflega, fjallað um þjónandi forystu í samhengi við raunverulegar aðstæður á vinnustað.

129.6.0.ÞJFO 2, Þjónandi forysta II

- Innri þættir í þjónandi forystu - Þjónustuvíddin

ECTS: 6

Kennari: Dr. Sigrún Gunnarsdóttir o.fl.

Önn og lengd: Haust, lota 2

Tungumál: Íslenska og enska

Forkröfur: Almennar inngöngukröfur í meistaranám og Þjónandi forysta I.

Skyldunámskeið í forysta og stjórnun með áherslu á þjónandi forystu.
Valnámskeið í öðrum námslínnum.

Sjónum er beint sérstaklega að þjónustuvídd þjónandi forystu og rýnt í rannsóknir sem snúa að gildi hlustunar fyrir árangur leiðtoga og hvernig hún endurspeglar áhuga á hagsmunum og hugmyndum annarra. Einnig er fjallað um mikilvægi sjálfsþekkingar, sjálfstyrk og auðmýkt þjónandi leiðtoga. Sérstaklega er fjallað um þætti þjónandi forystu sem tengjast vellíðan og starfsgetu. Þá verður fjallað um núvitund sem árangursríka leið til að styrkja leiðtogafærni og árangur í starfi.

Hæfniviðmið. Í lok námskeiðs skal nemandi geta sýnt færni við eftirfarandi lærdómsviðmið:

Þekking:

- Þekki fræðileg skrif um grundvallarhugmyndir þjónandi forystu með sérstakri áherslu á þjónustuvídd hugmyndarinnar.
- Þekki niðurstöður rannsókna um þjónandi forystu með áherslu á þjónustuvídd hugmyndarinnar.

Leikni:

- Geti kynnt sér rannsóknir og fræðileg skrif með áherslu á á þjónustuvídd þjónandi forystu.
- Geti tileinkað sér fræðilegt efni um þjónustuvídd þjónandi forystu á gagnrýnin hátt.

Hæfni

- Geti, bæði munnlega og skriflega, fjallað um fræðilega hlið þjónustuvíddar þjónandi forystu.
- Hafi hæfni til að rýna í raunverulegar aðstæður miðað við þjónustuvídd þjónandi forystu.
- Geti, bæði munnlega og skriflega, fjallað um þjónustuvídd þjónandi forystu miðað við raunverulegar aðstæður á vinnustað.

129.6.0.ÞJFO 3, Þjónandi forysta III

- Ytri þættir í þjónandi forystu - Forystuvíddin

ECTS: 6

Kennari: Dr. Sigrún Gunnarsdóttir o.fl.

Önn og lengd: Vor, löng lota

Tungumál: Íslenska og enska

Forkröfur: Almennar inngöngukröfur í meistaranám og Þjónandi forysta I og Þjónandi forysta II.

Skyldunámskeið í forysta og stjórnun með áherslu á þjónandi forystu. Valnámskeið í öðrum námslínunum.

Fjallað er um mikilvægar hliðar forystuvíddar þjónandi forystu, þ.e. framsýni, tilgang, hugsjón og ábyrgðarskyldu. Ábyrgðarskylda í þjónandi forystu verður rædd sérstaklega og fjallað um leiðir til að efla ábyrgðarskyldu með aðferðum þjónandi forystu. Sjónum er beint að nýjum hugmyndum um skipulag og þjónandi forystu og rýnt í árangursríkar leiðir í því sambandi. Þá verður fjallað um gildi þjónandi forystu í stjórnsýslu hér á landi, bæði innan ráðuneyta og sveitarstjórna.

Hæfniviðmið. Í lok námskeiðs skal nemandi geta sýnt færni við eftirfarandi lærdómsviðmið:

Þekking:

- Þekki fræðileg skrif um grundvallarhugmyndir þjónandi forystu með sérstakri áherslu á forystuvídd hugmyndarinnar.
- Þekki niðurstöður rannsókna um þjónandi forystu með áherslu á forystuvídd hugmyndarinnar.

Leikni:

- Geti kynnt sér rannsóknir og fræðileg skrif með áherslu á á forystuvídd þjónandi forystu.
- Geti tileinkað sér fræðilegt efni um forystuvídd þjónandi forystu á gagnrýnin hátt.

Hæfni

- Geti, bæði munnlega og skriflega, fjallað um forystuvídd þjónandi forystu.
- Hafi hæfni til að rýna í raunverulegar aðstæður miðað við forystuvídd þjónandi forystu.
- Geti, bæði munnlega og skriflega, fjallað um forystuvídd þjónandi forystu miðað við raunverulegar aðstæður á vinnustað.

129.6.0.ÞJFO 4, Þjónandi forysta - Lesnámskeið

ECTS: 6

Kennari: Ýmsir.

Önn og lengd: Haust eða vor, löng lota

Tungumál: Íslenska og enska

Forkröfur: Almennar inngöngukröfur í meistaranám og nemandi þarf að vera skráður í forystu og stjórnun með áherslu á þjónandi forystu

Valnámskeið í forysta og stjórnun með áherslu á þjónandi forystu.

Nemandi í *MS/MLM forysta og stjórnun, með áherslu á þjónandi forystu* getur sótt um að taka lesnámskeið sem fellur að áherslum námslínunnar og áhugasviði nemanda. Nemandi óskar eftir leiðsögn kennara sem hefur sérþekkingu á því sviði sem um ræðir og setur fram námsmarkmið og tímaáætlun í samráði við leiðbeinanda. Í námskeiðinu rýnir nemandi í afmarkað hugtak eða svið þjónandi forystu og skrifar fræðilega samantekt um efnið. Nemandi leitar eftir fræðilegum heimildum um viðfangsefnið, greinir heimildir og gagnrýnir og nýtir upplýsingarnar til að setja fram fræðilegt yfirlit og að varpa nýju ljósi á viðfangsefnið. Leiðsögn beinist að afmörkun viðfangsefnis, vali á heimildum, notkun heimilda og framsetningu ritgerðar. Að jafnaði er gert ráð fyrir tveimur til þremur fundum með leiðbeinanda. Námskeiði lýkur með ritgerð.

Í lok námskeiðsins skal nemandi:

- Sýna færni í að stunda sjálfstætt nám á ákveðnu sviði þjónandi forystu.
- Vera fær um að leita, rýna í og nýta fræðilegar heimildir á gagnrýnin hátt.
- Vera fær um að skrifa fræðilegt yfirlit og draga rökstuddar ályktanir um efnið.
- Hafa sértæka þekkingu á ákveðnu sviði þjónandi forystu sem er til skoðunar í námskeiðinu.

129.6.0.KLTF, Kenningar í leiðtogafræðum

ECTS: 6

Kennari: Haraldur Daði Ragnarsson, Dr. Erla Sólveig Kristjánsdóttir, Sigurður Ragnarsson

Önn og lengd: Vor, stutt lota

Tungumál: Íslenska og enska

Forkröfur: Almennar inngöngukröfur í meistaranám

Skyldunámskeið í forystu og stjórnun. Valnámskeið í öðrum námslínnum.

Lýsing og markmið: Fjallað er um helstu kenningar á sviði forystu, alveg frá fyrstu kenningunum sem kenndar eru við “trait” eða eiginleika og til nýrri kenninga eins og sönn forysta “Authentic leadership” og siðferðileg forysta. Kafað er ofan í kenningarlegan grunn þessara kenninga og framlag þeirra til fræðanna rannsakað. Skoðaður er helsti munur nokkurra þeirra kenninga sem hafa haft mest áhrif og mat lagt á þær. Skoðað er hvernig þessar kenningar geta hjálpað okkur að stýra og leiða með betri árangri. Að auki er sérstök áhersla á Nordic leadership model, og hvaða þýðingu það hefur fyrir forystu og stjórnun.

Hæfniviðmið – Í lok námskeiðs skal nemandi geta sýnt færni við eftirfarandi

Geta útskýrt helstu kenningar innan leiðtogafræðanna

Skilja vægi helstu kenninga á sviði forystu fyrir fræðaheiminn

Þekkja til mögulegra tengsla helstu kenninganna

Geta nýtt sér helstu kenningarnar til að ná árangri bæði í leik og í starfi.

129.6.0.STÓR, Verkefnastjórnun

ECTS: 6

Kennari: NN

Önn og lengd: Vor, löng lota

Tungumál: Íslenska

Forkröfur: almennar kröfur um inngöngu í meistaranám.

Skyldunámskeið í forysta og stjórnun með áherslu á verkefnastjórnun.
Valnámskeið í öðrum námslínunum.

Lýsing og markmið:

Kynntar helstu kenningar og aðferðir á sviði verkefnastjórnunar. Takmarkið er að nemendur tileinki sér þá vinnuþætti verkefnastjórnunar í rekstri fyrirtækja annars vegar og hæfni til stjórnunar einstakra verkefna hins vegar. Fjallað um þætti sem stuðla að markvissri og skilvirkri verkefnastjórnun. Umræður og þjálfun við uppbyggingu áætlunar, framvindu og lúkningu verkefna.

Hæfniviðmið – Í lok námskeiðs skal nemandi geta sýnt færni við eftirfarandi

Lærdómsviðmið:

Pekking

- skilgreina helstu kenningar, hugtök og aðferðir í verkefnastjórnun
- greina ferli við áætlunargerð fyrir verkefnastjórnun
- fjalla um eftirliti og áhættugreiningu

Leikni

- beita ólíkum verkfærum við skipulagningu og ákvörðunartöku verkáætlana
- greina veikleika í verkáætlun
- hanna og gera áætlun, skipuleggja og hafa eftirlit með verkefnum
- beitt aðferðum verkefnastjórnunar í vinnuhópi

Hæfni

- geta fjallað, munnlega og skriflega, á gagnrýninn hátt um verkáætlun
- framkvæmt áhættugreiningu verkefnis samhliða framvindugreiningu
- kynnt heildaráætlun með umfjöllun um kostnað, tíma, gæði og ásamt eftirliti.

129.6.0.STOS, Straumlínustjórnun og skipulag

ECTS: 6

Kennari: Pétur Jóhannes Óskarsson

Önn og lengd: Haust, stutt lota

Tungumál: Íslenska

Forkröfur: almennar kröfur um inngöngu í meistaranám

Skyldunámskeið í Forysta og stjórnun með áherslu á verkefnastjórnun.
Valnámskeið í öðrum námslínunum.

Lýsing og markmið:

Fjallað er um aðferðir sem straumlínustjórnunar (Agile, Scrum, Kanban, Lean, o.fl.). Hugtökina sem notuð eru í fræðunum skilgreind og rædd. Aðferðir eru útskýrðar, ræddar og styrktar með vísun í rannsóknir á heimspeki straumlínustjórnunar og markmiðum sem aðferðin á að ná fram. Samfelld vinna, virðing fyrir starfsfólkinu, þjónandi forysta, enga sóun og fleiri líkir þættir skoðaðir og ræddir.

Hæfniviðmið – Í lok námskeiðs skal nemandi geta sýnt færni við eftirfarandi

Þekking:

- búa yfir þekkingu til að fjalla um straumlínustjórnun og tengd hugtök
- búa yfir sérhæfðum orðaforða, vera fær um að miðla tilgangi og sögu straumlínustjórnunar

Leikni:

- greina takmörk straumlínustjórnunar
- vera fær um að beita aðferðum straumlínustjórnunar
- að setja fram og skipuleggja verkefni með aðferðum straumlínustjórnunar.

Hæfni:

- geta rökstutt og borið saman mismunandi aðferðir straumlínustjórnunar
- útskýrt, greint og dregið ályktun af aðferðarfræði straumlínustjórnunar.

129.6.0.VRET, Vinnuréttur

ECTS: 6

Kennari: Sonja Ýr Þorbergsdóttir

Önn og lengd: Haust, stutt lota

Tungumál: Íslenska

Forkröfur: Almennar inngöngukröfur í meistaranám

Skyldunámskeið í forystu og stjórnun með áherslu á mannauðsstjórnun.
Valnámskeið í öðrum námslínum.

Lýsing og markmið:

Fjallað er um reglur sem gilda á vinnumarkaði. Reglur um réttindi og skyldur starfsmanna og atvinnurekenda hafa mikil áhrif á mannauðsstjórnun enda þurfa allar ákvarðanir þar að lútandi að vera í samræmi við lög.

Annars vegar um ráðningarrétt, þ.e. réttindi og skyldur starfsmanna og atvinnurekenda sem leiðir af ráðningarsambandi þeirra. Dæmi þar um eru reglur sem lúta að ráðningu til starfa, jafnrétti á vinnumarkaði og uppsagnir. Hins vegar um vinnumarkaðsrétt, þ.e. þær reglur sem gilda til dæmis um samskipti aðila vinnumarkaðarins, kjarasamninga og vinnustöðvanir. Námskeiðið byggir á fyrirlestrum, verkefnum og umræðum á fjarnámshelgi.

Hæfniviðmið – Í lok námskeiðs skal nemandi geta sýnt færni við eftirfarandi

Lærdómsviðmið:

Að nemendur tileinki sér:

Þekkingu

- og öðlist skilning á áhrifum réttarreglna á ákvörðunartöku stjórnenda varðandi mannauð
- getu til að greina hvaða reglur liggja til grundvallar hverju sinni varðandi réttindi og skyldur starfsmanna og atvinnurekenda á almennum og opinberum vinnumarkaði.

Leikni:

- í að lýsa réttindum og skyldum starfsmanna og atvinnurekenda á almennum og opinberum vinnumarkaði,
- greina lögfræðileg álitafni og beitingu reglnanna við raunverulegar aðstæður ásamt skilning á eðli þeirra og tilgangi.

Hæfni:

- geta hagnýtt þekkingu og leikni í sjálfstæðum vinnubrögðum í námi sem starfi,
- getu til að lýsa helstu réttindum og skyldum starfsmanna og atvinnurekenda
- getu til að heimfæra réttarreglurnar við raunhæf álitafni á vinnustaðnum.

129.6.0.SOML, Samskipti og miðlun leiðtoga

ECTS: 6

Kennari: Ingvar Örn Ingvarsson

Önn og lengd: Vor, stutt lota

Tungumál: Íslenska og enska

Forkröfur: Almennar inngöngukröfur í meistaranám

Skyldunámskeið í forystu og stjórnun. Valnámskeið í öðrum námslínunum.

Lýsing og markmið: Fjallað er um og farið yfir lykilatriði þegar kemur að samskiptum og boðmiðlun í skipulagsheildum. Farið er yfir ólíkar tegundir samskipta eins og, munnleg, skrifleg, framkvæmd viðtala, funda o.fl. Sérstök áhersla er lögð á boðmiðlun stjórnenda til utanaðkomandi aðila.

Hæfniviðmið – Í lok námskeiðs skal nemandi geta sýnt færni við eftirfarandi

- Geta útskýrt árangursrík samskipti í skipulagsheildum
- Gera sér ljósan ávinning með faglegum samskiptum í skipulagsheildum
- Þekkja hvaða áhrif siðferði hefur á samskipti
- Geta ákveðið réttar samskiptaleiðir miðað við tilgang samskipta
- Geta stýrt fundum, viðtölum og öðrum samskiptum með árangursríkum hætti

129.6.0.MANN, Mannauðsstjórnun

ECTS: 6

Kennari: Gylfi Dalmann Aðalsteinsson

Önn og lengd: Haust, stutt lota

Forkröfur: Almennar inngöngukröfur í meistaranám

Skyldunámskeið í forystu og stjórnun. Valnámskeið í öðrum námslínunum.

Lýsing og markmið:

Nemendur tileinka sér nýjustu og helstu kenningar á sviði mannauðsstjórnunar og öðlast skilning og þjálfun í notkun þeirra. Farið er ítarlega í níu lykla mannauðsstjórnunar og kenningum um mannauðsstjórnun er gerð ítarleg skil. Markmiðið er að nemendur skilji mikilvægi mannauðsstjórnunar sem fræðigrein og sem mikilvægan þátt innan skipulagsheildar. Kynntir eru helstu þættir mannauðsstjórnunar og mikilvægt að nemendur tileinki sér efni þeirra í kennslu- og umræðutímum þar sem fengist er við úrlausnir tilviksdæma.

Hæfniviðmið – Í lok námskeiðs skal nemandi geta sýnt færni við eftirfarandi

þekkingu og skilning á helstu kenningum mannauðsstjórnunar (HRM).

- bestu vinnubrögðum (best practices) sem notuð eru innanlands sem utan við stjórnun starfsmannamála.
- að greina kosti og galla helstu stjórnunaraðferða á vinnumarkaði.
- að skipuleggja og framkvæma helstu verkefni er varða mannauðsstjórnun.
- að þekkja og geta beitt bestu aðferðum mannauðsstjórnunar

134.6.0. MART, Markaðsstjórnun

ECTS: 6

Kennari: Ragnar Már Vilhjálmsson

Önn og lengd: Haust, stutt lota

Tungumál: Íslenska og enska

Forkröfur: Almennar inngöngukröfur í meistaranám

Skyldunámskeið í markaðsfræði. Valnámskeið í öðrum námslínnum.

Lýsing

Markaðsfræðin snýst um viðskiptavini meira en nokkuð annað svið viðskiptafræðinnar. Því krefst stjórnun markaðsstarfs skilnings og þekkingar á markaðsaðstæðum, samkeppni og neytendum til að búa til virði og uppfylla þarfir neytenda til að stofna til langtíma viðskiptasambanda. Markaðsstjórnun felur í sér að skilgreina og setja markaðsstefnu, þróa og útfæra markaðs- og aðgerðaáætlanir gagnvart vel völdum markaðseiningum, aðlögun markaðsframboðs og útfærslu markaðsskilaboða til neytenda og síðast en ekki síst, að mynda langtíma arðsamt viðskiptasamband með ánægju viðskiptavina.

Lærdómsviðmið – Í lok námskeiðs skal nemandi geta sýnt færni við eftirfarandi þekking

- Nemendur hafi þekkingu og skilning á helstu hugtökum og kenningum markaðsfræðinnar
- Nemendur þekki mikilvægi langtíma viðskiptasambanda við neytendur
- Nemendur geri sér grein fyrir mikilvægi markaðsstarfs í rekstri fyrirtækja
- Nemendur skilji ferli miðaðrar markaðssetningar
- Nemendur átti sig á eðli og mikilvægi ánægju viðskiptavina

Færnimarkmið

- Geta skipulagt markaðsstarf fyrirtækja
- Geta þróað markaðsráða fyrirtækja
- Geta borið kennsl á markaðseiningar og markhópa til að þjónusta og staðfært fyrirtæki og vöru þess gagnvart mismunandi hópum
- Geta aflað þekkingar úr ánægjurannsóknum og nýtt til markaðsstarfs
- Geta innleitt markaðs- og aðgerðaráætlun í markaðsstarf fyrirtækja

134.6.0. VÖRN, Vörumerkjastjórnun

ECTS: 6

Kennari: Auðbjörg Agnes Gunnarsdóttir, Brynjar Þór Þorsteinsson

Önn og lengd: Vor, stutt lota

Tungumál: Íslenska og enska

Forkröfur: Almennar inngöngukröfur í meistaranám

Skyldunámskeið í markaðsfræði. Valnámskeið í öðrum námslínunum.

Lýsing:

Nemendur öðlist skilning á mikilvægi virðis vörumerkja og hvernig þarf að byggja upp, mæla og stjórna virði vörumerkja. Fjallað er um virkni vörumerkis, ferli til að byggja upp vörumerki, aðferðir til að mæla virði og leiðir til að nýta sér virði vörumerkis, aðferðir til að stjórna safni vörumerkja ásamt stjórnun vörumerkis yfir tíma, landamæri og milli markaðshluta. Vegna þess hve mikilvæg stafræn markaðssetning og samfélagsmiðlar eru við stjórnun vörumerkja verður umfjöllun um hugtök og aðferðir gegnumgangandi í námskeiðinu. Í heimi örra tækniframfara og breytinga á samfélagsgerð þá hafa með tilkomu gangvirkra tækja og tóla skapast bæði fleiri tækifæri og áskoranir í stjórnun vörumerkja.

Lærdómsviðmið – Í lok námskeiðs skal nemandi geta sýnt færni við eftirfarandi

Þekking

- Að nemendur þekki og geti fjallað um þá þætti skriflega og munnlega sem hafa áhrif á vörumerki fyrirtækis innan þess og utan
- Að nemendur skilji og viti af hverju staðfærsla vörumerkis er mikilvægt tæki til að viðhalda aðgreiningu á markaði
- Að nemendur þekki til aðferða sem geta aukið virði vörumerkis
- Að nemendur þekki til kenninga og líkana við stjórnun vörumerkja til að takast á við ákvarðanir svo að árangur náist

Færnimarkmið

- Geti bæði munnlega og skriflega greint og sett fram stefnu í fyrirtæki með stafræna þjónustu og geti skilgreint markhópa þess
- Að nemendur geti sýnt fram á í verkefnum aðferðir til að greina og setja fram á skýran máta hvað vörumerki stendur fyrir
- Geti skipst á skoðunum um helstu aðferðir sem fyrirtæki geta nýtt sér við stjórnun vörumerkis sem styður við rekstur þeirra og markaðsfærslu.
- Vera fær um að takast á við stjórnunarstörf í fyrirtækjum og nýta sér undirstöður í stjórnun vörumerkja.

134.6.0. STAF, Stafrænir markaðir

ECTS: 6

Kennari: Brynjar Þór Þorsteinsson

Önn og lengd: Vor, stutt lota

Tungumál: Íslenska og enska

Forkröfur: Almennar inngöngukröfur í meistaranám

Skyldunámskeið í alþjóðaviðskiptum og markaðsfræði. Valnámskeið í öðrum námslínnum.

Lýsing:

Kynnt er hagfræði og kraftar sem búa að baki stafrænni þjónustu og hvernig fræðin nýta kraftinn við uppbyggingu stafrænna fyrirtækja. Fjallað á hagnýtan hátt um helstu hugtök til að einfalda yfirfærslu efnis á raunveruleg dæmi. Horft er til árangursríkra aðferða í alþjóðavæðingu internetfyrirtækja sem nýtist m.a. við störf í alþjóðaumhverfi. Skoðað hvernig fyrirtæki geta nýtt sér stafrænan heim og innleitt stefnu stafrænnar umbreytingar (e. digital transformation). Fjallað um ferðalag viðskiptavina (e. customer journey) og hvernig fyrirtæki geta nýtt sér stafrænan heim.

Lærdómsviðmið – Í lok námskeiðs skal nemandi geta sýnt færni við eftirfarandi

Bekking

- Nemendur geti lýst eðli og einkennum stafrænnar vöru og þjónustu á áþreifanlegan hátt í verkefnum
- Nemendur geti útskýrt skriflega helstu þætti í hagkerfi internetsins (e. internet economy) og þær áskoranir sem eru fyrir hendi
- Nemendur geti komið á og útskýrt munnlega eðli stafrænna vistkerfa og netvanga (e. digital ecosystems / platforms) með því að setja í raunhæf dæmi
- Nemendur þekki til og geti útskýrt a.m.k. 3 aðferðir við alþjóðavæðingu stafrænnar vöru og þjónustu
- Nemendur þekki til a.m.k. 5 áskorana sem fyrirtæki þurfa að líta til og stuðlað að stafrænni umbreytingu (e. digital transformation) fyrirtækja

Færnimarkmið

- Geti bæði munnlega og skriflega greint og sett fram stefnu í fyrirtæki með stafræna þjónustu og geti skilgreint markhópa þess
- Geti skipst á skoðunum um helstu aðferðir sem fyrirtæki geta nýtt sér við innleiðingu á stafrænum vörum og þjónustu sem styður við rekstur þeirra og markaðsfærslu.
- Þekki hagfræðina á bak við auglýsingar á netinu og nýtingu þeirra á leitarvélum og kraft samfélagsmiðla og geta miðlað þeirri þekkingu munnlega
- Vera fær um að takast á við stjórnunarstörf í fyrirtækjum sem nýta hinn stafræna heim.

134.6.0. MCCL, Stjórnun samskipta við viðskiptavini (e. CRM)

ECTS: 6

Kennari: Haraldur Daði Ragnarsson, Bjarki Pétursson

Önn og lengd: Haust, stutt lota

Tungumál: Íslenska og enska

Forkröfur: Almennar inngöngukröfur meistaranám

Skyldunámskeið í markaðsfræði. Valnámskeið í öðrum námslínnum.

Lýsing:

Fjallað er um hvernig stjórnun viðskiptatengsla (CRM) nýtist í markaðsstarfi og hvað þurfi til að innleiða CRM á árangursríkan máta á grundvelli CRM hugmyndafræði. Skoðað hvernig og hvaða áhrif hegðun neytenda hefur á stjórnun markaðsstarfs, hvernig hegðun hefur áhrif á kaupákvörðun, farið yfir ólíkar aðferðir, rannsóknir og markaðsáskoranir. Áhersla á þekkingu og þarfir út frá neytendahegðun í með skírskotun og vísun í tilviksdæmi, dæmisögur og sérvalið lesefni. Öflun nýrra viðskiptavina, þjónusta viðskiptavini. Helstu lykilatriði CRM, þ.á.m., innleiðing, skipulagning, notkun samfélagsmiðla, upplýsingatækni og skoðað hvernig CRM hugmyndafræði og tæknilegir þættir vinna saman með tilviksdæmum og æfingum.

Lærdómsviðmið – Í lok námskeiðs skal nemandi geta sýnt færni við eftirfarandi

Þekking

- Nemendur geti lýst hvað CRM gengur út á og útskýrt á skilmerkilegan hátt mikilvægi þess í stefnu fyrirtækja
- Nemendur geti lýst því hvaða áhrif CRM hefur á ólík svið fyrirtækja og útskýrt hvaða hlutverki CRM gegnir í starfsemi þeirra
- Nemendur geti útskýrt hvernig unnið er með upplýsingar í tengslum við CRM
- Nemendur geti lýst hvernig CRM og tæknin vinna saman
- Nemendur geti gert grein fyrir því hvernig unnt er að nýta CRM við markaðsstjórnun

Færnimarkmið:

- Nemendur geti gert greint fyrir því hvaða viðfangsefni þarf að takast á við í tengslum við innleiðingu á CRM
- Nemendur geti gert greint fyrir því hvers konar upplýsingar þurfi að skrá í CRM kerfi og hvernig unnt sé að nýta þær til byggja upp góð tengsl við viðskiptavini
- Nemendur geti gert grein fyrir ávinningnum af upptöku CRM kerfa fyrir sölu- og markaðsstarf
- Nemendur geti gert grein fyrir því hvernig unnt er að nýta upplýsingar úr CRM kerfum í stjórnun og stefnumótun fyrirtækja
- Nemendur geti sett fram skýrslu um innleiðingu á CRM í litlum og meðalstórum fyrirtækjum

134.6.0. SAMA, Samþætt markaðssamskipti

ECTS: 6

Kennari: Ragnar Már Vilhjálmsson

Önn og lengd: Vor, stutt lota

Tungumál: Íslenska og enska

Forkröfur: Almennar inngöngukröfur í meistaranám

Skyldunámskeið í markaðsfræði. Valnámskeið í öðrum námslínnum.

Lýsing:

Með samhæfðum markaðssamskiptum mynda fyrirtæki alhliða áætlun um markaðssamskipti sem tilgreinir hvernig allir þættir markaðsstarfsins tala til neytenda. Mikilvægi samruna ýmissa skilaboða sem neytendur móttaka er skoðað m.t.t. auglýsinga í fjölmiðlum, verðlagningar, beinna markaðsherferða, umtali, söluhvata og í hvers konar verslana þar sem vörur fyrirtækisins eru seldar. Samhæfð markaðssamskipti er stefnumótandi ferli sem er ætlað að tryggja að skilaboð og samskiptaáætlanir séu samræmdar þvert á allar málþípur fyrirtækisins og að þeim sé beint að viðskiptavinum.

Lærdómsviðmið – Í lok námskeiðs skal nemandi geta sýnt færni við eftirfarandi

Þekking

- Nemendur þekki mikilvægi samhæfðra markaðssamskipta
- Nemendur þekki samskiptaferli fyrirtækja og mögulegar boðleiðir
- Nemendur hafi yfirgripsmikla þekkingu á möguleikum markaðssamskipta og mismunandi tegundir samskiptamiðla
- Nemendur þekki kosti og galla mismunandi miðlategunda
- Nemendur skilji samspil auglýsinga, almannatengsla, beinnar markaðssetningar og persónulegrar sölu
- Nemendur geti sett saman birtingaáætlun markaðsherferðar

Færnimarkmið

- Geta undirbúið markaðsherferð sem byggir á notkun mismunandi samskiptamiðla
- Geta útbúið birtingaplan markaðsherferðar
- Geta greint árangur markaðssamskipta herferðar

134.6.0. MARA, Markaðsrannsóknir

ECTS: 6

Kennari: NN

Önn og lengd: Haust, stutt lota

Tungumál: Íslenska og enska

Forkröfur: Almennar inngöngukröfur í meistaranám

Skyldunámskeið í markaðsrannsóknir. Valnámskeið í öðrum námslínnum.

Lýsing:

Þekking á markaðsumhverfinu er nauðsynleg í stjórnunarlegum ákvörðunum, stefnumótun og við gerð markaðs- og aðgerðaáætlana. Fjallað um mikilvægi markaðsrannsókna innan markaðsgeirans, mismunandi tegundir rannsókna, ferli markaðsrannsókna og greiningu niðurstaðna. Unnin er markaðsrannsókn sem hluti af náminu.

Lærdómsviðmið – Í lok námskeiðs skal nemandi geta sýnt færni við eftirfarandi

Þekking

- Nemendur þekki mikilvægi markaðsrannsókna
- Nemendur hafi þekkingu á mismunandi tegundum rannsókna
- Nemendur þekki ferli markaðsrannsókna
- Nemendur skilji hættur sem skapast geta við framkvæmd rannsókna
- Nemendur hafi þekkingu á greiningu gagna og túlkun niðurstaðna.

Færnimarkmið

- Geta ákvarðað hvaða rannsóknaraðferðir eiga við við mismunandi aðstæður eða markmið
- Geta undirbúið framkvæmd markaðsrannsóknar
- Geta skipulagt og framkvæmt gagnaöflun
- Geta greint gögn og dregið af þeim niðurstöður

134.6.0. MAKA, Markaðsstefna og áætlanagerð

ECTS: 6

Kennari: Brynjar Þ Þorsteinsson, A Agnes Gunnarsdóttir, Ragnar M Vilhjálmsson

Önn og lengd: Vor, stutt lota

Tungumál: Íslenska og enska

Forkröfur: Almennar inngöngukröfur í meistaranám

Skyldunámskeið í markaðsfræði. Valnámskeið í öðrum námslínnum.

Lýsing:

Fjallað er um hvernig stjórnendur setja fram markaðsstefnu sem er vegvísir fyrir mikilvægar ákvarðanatökur varðandi vöru, þjónustu, sölu, verð, kynningaráætlanir, markaðssamskipti og dreifileiðir. Til umfjöllunar eru hugtök, líkön og kenningar sem eiga við allar stærðir og gerðir fyrirtækja og stofnana eins og sprotafyrirtækja og góðgerðarféлага (e. non profit) sem og þroskaðra fyrirtækja sem hafa verið lengi á markaði. Áhersla á hagnýtingu m.a. með tilviksdæmum (e. case studies) til útskýringa og hagnýt verkefni.

Lærdómsviðmið – Í lok námskeiðs skal nemandi geta sýnt færni við eftirfarandi

Þekking

- Að nemendur þekki og geti fjallað um þá þætti skriflega og munnlega sem hafa áhrif á markaðsstjórnun fyrirtækis innan þess og utan
- Að nemendur skilji og viti af hverju stefnumiðuð markaðsstjórnun er mikilvægt tæki til að viðhalda aðgreiningu á markaði
- Að nemendur þekki til aðferða til að nota í stefnumótun í markaðsstarfi
- Að nemendur þekki til kenninga og líkana í stefnumótun til að takast á við grunnvallarspurningar í markaðsstefnu á árangursríkan hátt
- Að nemendur hafi þekkingu á innihaldi markaðsáætlunar

Færnimarkmið

- Geti bæði munnlega og skriflega greint og sett fram markaðsstefnu fyrirtækis
- Að nemendur geti sýnt fram á í verkefnum aðferðir til að greina og setja fram á skýran máta hvað markaðsstefna er
- Geti skipst á skoðunum um helstu aðferðir sem fyrirtæki geta nýtt sér í gerð markaðsáætlunar.
- Vera fær um að takast á við stjórnunarstörf í fyrirtækjum og nýta sér undirstöður í stefnumiðaðri markaðsstjórnun.

135.6.0. VSÁL, Vinnusálfræði

ECTS: 6

Kennari: Íris Ösp Bergþórsdóttir

Önn og lengd: Vor, stutt lota

Tungumál: Íslenska og enska

Forkröfur: Almennar inngöngukröfur í MS nám.

Skyldunámskeið í forystu og stjórnun með áherslu á mannauðsstjórnun.
Valnámskeið í öðrum námslínunum.

Lýsing:

Nemendur öðlast fræðilega og hagnýta þekkingu á vinnusálfræði. Kynntar eru helstu kenningar á sviði vinnusálfræði auk þess sem þjálfuð er færni í notkun þeirra. Fjallað er m.a. um starfsgreiningar, ráðningar, frammistöðumat, hvatningu, starfsskipulag, starfsþjálfun, streitu, hlutverk leiðtoga, fyrirtækjamenningu og starfsánægju.

Námskeiðið byggir á námsbók auk fræðilegra greina og krefst námið agaðra og sjálfstæðra vinnubragða.

Lærdómsviðmið – Í lok námskeiðs skal nemandi geta sýnt færni við eftirfarandi

Þekking

- Fjallað um og skilgreint grundvallarhugtök, fræðileg viðfangsefni, kenningar og aðferðir.
- Sett nýjustu rannsóknir í samhengi við vinnusálfræði.
- Sett helstu kenningar úr fræðitexta í samhengi við raunverulegar aðstæður.

Leikni

- Fjallað á gagnrýnninn hátt um greiningu á viðfangsefnum og verkefnum.
- Lesið á gagnrýnninn hátt úr rannsóknnum og niðurstöðum þeirra.
- Leyst úr og miðlað flóknum viðfangsefnum vinnusálfræðinnar.

Hæfni

- Beitt sjálfstæðum vinnubrögðum sem nýtast í rannsóknarvinnu.
- Tekið virkan þátt í umræðum og hagnýtingu á vinnusálfræði.
- Beitt rökhusun í greiningu á gögnum.
- Kynnt niðurstöður rannsókna með skilmerkilegum hætti.

135.6.0. ÞJÁL, Þjálfun og þróun

ECTS: 6

Kennari: Harpa Björg Guðfinnsdóttir

Önn og lengd: Vor, stutt lota

Tungumál: Íslenska og enska

Forkröfur: Almennar inngöngukröfur í MS nám.

Skyldunámskeið í forystu og stjórnun með áherslu á mannauðsstjórnun.
Valnámskeið í öðrum námslínum.

Lýsing

Meginmarkmið er að nemendur öðlist yfirsýn og skilning á hvernig þekking, færni og framgangur mannauðsins í fyrirtækjum og stofnunum er þróaður á markvissan og skipulegan hátt í samræmi við kenningar stefnumiðaðrar mannauðsstjórnunar (Strategic Human Resource Management).

Farið er ítarlega yfir helstu þætti stefnumiðaðrar stjórnunar fræðslumála, eins og þarfagreiningu, framkvæmd og mat á árangri fræðslu. Þá eru helstu hugtök kynnt og m.a. fjallað um móttöku nýliða, stjórnendaþjálfun, áhrifaþætti á lærdóm í vinnuumhverfi og helstu kenningar um nám og lærdóm.

Lærdómsviðmið – Í lok námskeiðs skal nemandi geta sýnt færni við eftirfarandi

Þekking

- fjallað um og skilgreint grundvallarhugtök, fræðileg viðfangsefni, kenningar og aðferðir
- sett nýjustu rannsóknir í samhengi við vinnusálfræði
- sett helstu kenningar úr fræðitexta í samhengi við raunverulegar aðstæður

Leikni

- fjallað á gagnrýninn hátt um greiningu á viðfangsefnum og verkefnum
- lesið á gagnrýninn hátt úr rannsóknnum og niðurstöðum þeirra
- leyst úr og miðlað flóknum viðfangsefnum vinnusálfræðinnar

Hæfni

- Beitt sjálfstæðum vinnubrögðum sem nýtast í rannsóknarvinnu
- Tekið virkan þátt í umræðum og hagnýtingu á vinnusálfræði
- Beitt rökhusun í greiningu á gögnum
- Kynnt niðurstöður rannsókna með skilmerkilegum hætti.

321.6.0.ADFF, Aðferðarfræði

ECTS: 6

Kennari: Þóra Þorgeirsdóttir

Önn og lengd: Vor, stutt lota

Tungumál: Íslenska og enska

Forkröfur: Almennar inngöngukröfur í meistaranám

Skyldunámskeið í MS línunum. Valnámskeið í öðrum námslínunum meistaranáms.

Lýsing og markmið:

Kynnt eru helstu hugtök og vinnulag í rannsóknum. Útgangspunktur er undirbúningur við skrif meistaraverkefna. Hefðir í rannsóknum, mótun og framsetningu rannsóknarspurninga og -markmiða, tilgátu- og kenningasmíð, gerð rannsóknaráætlunar og uppsetningu meistaraverkefna, eigindlegar og meginlegar rannsóknaraðferðir, spurningagerð, úrvinnsla gagna, framsetning niðurstaðna og réttmæti, áreiðanleika, gegnsæi og siðferði rannsókna. Nemendur þjálfast í undirbúningi rannsóknar, val á aðferð og framkvæmd rannsóknar, þjálfun í gagnaöflun eigindlegra gagna, s.s. viðtöl, þátttökuathugun og greiningu á texta. Þjálfun í að setja upp veflægar spurningakannanir. Verkefnavinna námskeiðsins nýtist við skrif meistaraverkefna og annarra stærri verkefna.

Hæfniviðmið – Í lok námskeiðs skal nemandi geta sýnt færni við eftirfarandi

Bekking og skilningur

- kunna skil á helstu hugtökum í aðferðafræði
- átta sig á meginhefðum í rannsóknum félagsvísinda
- þekkja helstu rannsóknaraðferðir, bæði eigindlegar og meginlegar
- gera sér grein fyrir takmörkunum rannsóknaraðferða, svo og kostum þeirra og göllum, réttmæti og áreiðanleika
- Vera meðvituð um siðferðileg álitaefni í rannsóknum

Færni

- nýta verkefni til áframhaldandi vinnu við meistaraverkefni og aukna færni í fræðilegum vinnubrögðum
- móta rannsóknarspurningar, -markmið og afmarkað rannsóknarverkefni
- hanna rannsókn út frá markmiðum og spurningum, velja viðeigandi rannsóknaraðferð og spyrja spurninga í samræmi við markmið verkefnis
- skipuleggja verkefnið (meistaraverkefnisskrif) með rannsóknaráætlun
- aflað gagna og hafa hlotið þjálfun í notkun þeirra í námskeiðinu
- greina rannsóknargögn sem aflað hefur verið og setja niðurstöður þeirra fram á greinargóðan hátt
- fjallað um réttmæti og áreiðanleika eigin rannsóknar
- gert „áhættumat“ varðandi siðferðileg álitaefni og trúnað við þátttakendur rannsóknar og geta lagt mat á hvort framsetning gagna brjóti í bága við siðferðileg álitaefni eður ei
- álykta út frá eigin niðurstöðum á gagnrýnninn hátt og varast að draga of sterkar ályktanir út frá fyrirliggjandi gögnum.



HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
BIFRÖST UNIVERSITY